



Varðar: Skógarhlíð-Litlahlíð - framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 24. janúar 2024, um framkvæmdaleyfi vegna gatna- og stígagerðar í Skógarhlíð. Hlíðra á núverandi götu og gera göngu- og hjólastíga meðfram götunni. Einnig verður jarðvegsskipt undir stígnum og steyptir stoðveggir við bílastæði á lóð nr. 20 við Skógarhlíð og við stígtengingu milli lóða nr. 14 og nr. 16 við Eskihlíð. Að auki á að leggja nýjar safnlagnir fyrir yfirborðsvatn, gera ný niðurföll og færa núverandi niðurföll, koma fyrir og ganga frá brunnum og tengingum, leggja háspennustrengi í nýja legu, leggja ídráttarrör og jarðstrengi fyrir götulýsingu og að taka niður og reisa ljósastólpa. Einnig er lagt fram teikningasett, ódags.



Hluti AR2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.



Hluti gildandi hverfisskipulags.

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Samkvæmt aðalskipulaginu er umrætt framkvæmdasvæði inni á skilgreindu íbúðarsvæði (ÍB17) og miðsvæði (M7). Á íbúðarsvæðum er almennt gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði ásamt tilheyrandi opinberri grunnþjónustu, almennri verslun og þjónustustarfsemi og minni útivistarsvæðum. Á miðsvæðum er blanda skrifstofa, þjónustu og stofnana og er léttur iðnaður heimill. Óheimilt er að reka matvöruverslanir á svæðunum nema sérstaklega sé tekið fram í deiliskipulagi að það sé heimilt.

Í AR20240 er að finna skilgreiningu almenna markmiða undir kafla um vistvænni samgöngur en þar segir að við almenna ákvarðanatöku, hönnun samgöngumannvirkja, gerð framkvæmdaáætla og hverfis- og deiliskipulags verði eftirfarandi stefnumið, m.a. höfð að leiðarljósi:

- Tryggja öruggar, skilvirkar, þægilegar og vistvænar samgöngur fyrir alla.
- Þróun og uppbygging samgöngukerfa stuðli að bættu umhverfi, góðri heilsu, lífvænlegum hverfum og aðlaðandi borgarbrag.
- Götur verði endurhannaðar sem borgarrými með fjölbætt hlutverk.

Í kafla um byggðabráun og samgöngur segir að uppbygging á miðlægum svæðum innan núverandi byggðar verði í forgangi á svæðum sem auðvelt er að þjóna með góðum almenningssamgöngum og þar sem tækifæri eru til efla göngu og hjólreiðar sem ferðamáta.

Í kafla um gangandi umferð – aðgengi fyrir alla segir: „Auka hlutdeild gangandi í samgöngum borgarinnar með markvissum og fjölþættum aðgerðum sem stuðla að þægilegri og öruggari gönguleiðum.“

Í kafla um hjólrreiðar segir að auka eigi hlutdeild hjólandi í samgöngum borgarinnar með markvissum og fjölþættum aðgerðum. Jafnframt að við endurhönnun stofn- og tengibrauta og lykilkatna innan hverfa verði þarfir hjólandi ávallt í fyrirrúmi.

Deiliskipulag/HverfisSKIPulag

Í gildi er deiliskipulagsáætlun fyrir hluta svæðisins, dags. augl. í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 2001 með síðari breytingum.

Í gildi er hverfisSKIPulagsáætlun fyrir hluta svæðisins, dags. samþ. 30. ágúst 2024.

Lýsing á framkvæmd

Um er að ræða umsókn um framkvæmdaleyfi vegna gatna- og stígagerðar í Skógarhlíð. Hlíðra á núverandi götu og gera göngu- og hjólastíga meðfram götunni. Einnig verður jarðvegsskipt undir stígnum og steypfir stoðveggir við bílastæði á lóð nr. 20 við Skógarhlíð og við stígtengingu milli lóða nr. 14 og nr. 16 við Eskihlíð. Að auki á að leggja nýjar safnlagnir fyrir yfirborðsvatn, gera ný niðurföll og færa núverandi niðurföll, koma fyrir og ganga frá brunnum og tengingum, leggja háspennustrengi í nýja legu, leggja ídráttarrör og jarðstrengi fyrir götulýsingu og að taka niður og reisa ljósastólpa

Framkvæmdaáætlun

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir fari fram og ljúki árið 2025.

Umsögn og niðurstaða

Erindið er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða enduruppbyggingu í tengslum við gatna-, stíga- og veitukerfi.



Yfirlitsmynd af framkvæmd.

Framkvæmdatími: Framkvæmdatími er áætlaður frá byrjun sumars og fram til loka árs 2025, þ.e. frá 1. maí til 31. desember 2025.

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi vegna gatna- og stígagerðar í Skógarhlíð Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Framkvæmdin er jafnframt í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir Skógarhlíð og gildandi hverfisskipulag fyrir Hlíðahverfi, Framkvæmdaleyfið er gefið út til 7 mánaða frá útgefnum degi í samræmi við framkvæmdaáætlun. En verði séð fram á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir tefjast að verulegu leyti þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Framkvæmdaleyfið er háð eftirfarandi skilyrðum: Taka skal tillit til þess að framkvæmdasvæðið er í miðju íbúðasvæði. Því skal virða allar reglur og leiðbeiningar um vinnutíma, merkingar, hávaða og rask við íbúa sitthvorum megin við stofnbrautina og nærliggjandi svæða þannig að framkvæmdin valdi sem minnstu truflun/raski og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess.

Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa.

Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréfluga um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Leitast skal við að lágmarka neikvæð áhrif eins og unnt er. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá framkvæmdum t.d. af völdum olíu og annarra efna sem geta losnað út í umhverfið meðan á framkvæmdum stendur. Jafnframt að framkvæmdaaðilar séu vel upplýstir um umhverfismál áður en framkvæmdir hefjast.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla afnotaleyfis af borgarlandi hjá umhverfis- og skipulagssviði. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.